

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 25 20. janúar 1983 um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafi innflytjandi vöru, áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar, afhent tollstjóra skjöl til tollmeðferðar á vöru, sem skv. 1. tl 14. gr. tollskrárlaga eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað eða aðeins þarfnast leiðréttingar vegna endurútreiknings aðflutningsgjalda vegna breytinga sem orðið hafa á tollafgreiðslugengi frá því að varan var upphaflega tekin til tollmeðferðar, er heimilt að miða gjöld af henni við það tollafgreiðslugengi sem síðast gildi, enda sé leiðréttingu aðflutningsskýrslu og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan viku talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis, sbr. þó 6. gr. Sama skal gilda hafi innflytjandi vöru afhent tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna hennar og sannanlega greitt kröfu hennar vegna í banka áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, enda sé tollstjóra afhentur bankastimplaður vörureikningur og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan viku talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, til að öðlast þegar gildi. Skulu ákvæði hennar, eftir því sem við á, jafnframt gilda um tollskjöl sem afhent höfðu verið tollstjóra fyrir 25. maí 1983, en frestur til fullnaðartollafgreiðslu þeirra samkvæmt tollafgreiðslugengi sem þá var í gildi skal vera til og með 7. júní 1983.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu sjúkrasamlaga á tannlækniskostnaði

1. gr.

Reglugerð nr. 274, 11. apríl 1983 um greiðslu tannlækniskostnaðar, sem taka átti gildi hinn 1. júní 1983, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.